

**Nd.**

**86. Frumvarp**

til laga um breyting á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Flutningsm.: Jón Baldvinsson, Jakob Möller og Magnús Jónsson.

Í Reykjavík skal skrá yfir gjaldskylda til ellistyrktarsjóðs liggja almenningi til sýnis frá 1.—7. dags marsmánaðar ár hvert. Kærufrestur og afgreiðslutími skrárinnar skulu vera jafnlangir og ákveðið er í lögum.

**Greinargerð.**

Frv. þetta er flutt eftir tilmælum bæjarstjórnar Reykjavíkur, sbr. brjef borgarstjórans, sem prentað er hjer á eftir sem fylgiskjal.

**Fylgiskjal.**

BORGARSTJÓRINN Í REYKJAVÍK.

Reykjavík 20. febrúar 1926.

Fyrir hönd bæjarstjórnar Reykjavíkur leyfi jeg mjer að biðja háttvirta þingmenn Reykjavíkur að flytja á Alþingi, er nú situr, meðfylgjandi frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 17, 9. júlí 1909, um almennan ellistyrk.

Breytingin er í því fólgín, að sá tími, sem ætlaður er til að semja ellistyrktarsjóðsskrá, lengist um 1 mánuð, og er nauðsynlegt, ef unt á að vera að

semja skrána sæmilega vel, en það er orðið svo mikið verk, að það er í rauninni alveg óvinnandi á þeim tíma, sem núverandi lög ákveða.

Skráin byggist á manntali, sem tekið er seinast í nóvembermánuði, en það liggur ekki fyrir fullbúið frá hendi lögreglustjóra fyrir en seinni hluta janúarmánaðar, og þar sem bæði ellistyrktarsjóðsskrá og kjörskrá eiga að vera tilbúnar fyrir lok janúarmánaðar, liggur í augum uppi, að tíminn er of stuttur, þar sem nú eru hjer um 11200 gjaldendur til ellistyrktarsjóðs og 9239 kjósendur.

K. Zimsen.

Til alþingismanna Reykjavíkur.